

Ár 2013, miðvikudaginn 26. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kveðinn upp í máli nr. S-140/2013:

Ákærvaldið

(Kári Ólafsson ftr.)

gegn

Óskari Má Alfreðssyni

(Reynir Logi Ólafsson hdl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 20. mars sl. og dómtekið 30. maí sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 26. febrúar 2013, á hendur Óskari Má Alfreðssyni, kt. 000000-0000, Hverfisgötu 52, Hafnarfirði,

„fyrir fjárdrátt í starfi sem sölu- og markaðsstjóri einkahlutafélagsins Parket og gólf, kt. 000000-0000, í eftirgreindum tilvikum:

I.

Með því að hafa í maí 2008 dregið sér andvirði gólfefna í eigu Parket og gólf ehf., að verðmæti kr. 1.028.085, sem ákærði lét afhenda Trausta Jósef Reynissyni án heimildar gegn greiðslu að fjárhæð kr. 800.000 sem ákærði tók við og tileinkaði sér.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Með því að hafa í júlí 2008 dregið sér andvirði veggjaefnis og líms í eigu Parket og gólf ehf., samtals að verðmæti kr. 431.158.000, sem ákærði lét án heimildar afhenda Einari Erni Reynissyni sem endurgjald fyrir vinnuframlag hans við húsnæði ákærða án þess að endurgjald kæmi til einkahlutafélagsins.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Með því að hafa seinnihluta ársins 2008 dregið sér andvirði gólfefna í eigu Parket og gólf ehf., að áætluðu verðmæti kr. 1.867.500, sem ákærði lét afhenda Hrafni Konráðssyni án heimildar gegn greiðslu að fjárhæð kr. 1.000.000 sem ákærði tók við og tileinkaði sér.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Með því að hafa í mars 2008 dregið sér andvirði gólfefna í eigu Parket og gólf ehf., að áætluðu verðmæti kr. 3.000.000, sem ákærði lét afhenda Kristni Jóni Gíslasyni án heimildar gegn greiðslu að fjárhæð um kr. 1.000.000 sem ákærði tók við og tileinkaði sér.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins og neitaði sök en kvað úttektirnar hafa verið til að efna bónussamning sem hann var með hjá fyrirtækinu Parket og gólf ehf. Hófst aðalmeðferð þann 30. maí sl. og var málið dómtekið að málflutningi loknum. Krafðist ákærði sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að sakarkostnaður yrði lagður á ríkissjóð.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að ákærði hóf störf hjá fyrirtækinu Parket og gólf ehf. (hér eftir nefnt POG), 2. janúar 2003 en hætti störfum í lok júlí 2008. Gegndi ákærði stöðu verslunarstjóra og sölustjóra á tímabilinu. Til júlí ársins 2007 átti Guðlaugur Ómar Friðþjófsen fyrirtækið. Gerði hann samning við ákærða um

launakjör og bónus. Við söluna á fyrirtækinu til Þórðar Birgis Bogasonar í júlí 2007 hélst samningur ákærða við fyrirtækið óbreyttur en gerðar voru athugasemdir við hann við ákærða. Í gögnum málsins liggur fyrir óundirritaður samningur á milli ákærða og POG sem er sagður gilda frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2007.

Segir í samningnum:

„Á árinu 2007 munu föst laun verða kr. 800.000,- Auk þessa eru eftirfarandi bónusar:

1. Við veltu sem nemur 512 milljónum fær Óskar úttekt á Hakwood parketi og hurðum frá Lebo fyrir hús það sem hann hyggst byggja á árinu. Bæði Hakwood og Lebo munu styðja Parket & gólf með þennan bónus, verði af honum.
2. Við veltu sem nemur 550 milljónum munu greiðast eldhús og baðinnrétting (hvítlakkað) smíðað hér á Íslandi.
3. Við veltu sem nemur 600 milj munu greiðast sem nemur 1 milj af úttekt af viðskiptamanni. Auk þess sem vinna rafvirkja mun verða greidd.
4. Við veltu sem nemur 700 milj munu greiðast flísar á bað og anddyri.
5. Við veltu sem nemur 800 milj mun verða greitt sem nemur kr. 400.000 upp í eldhústæki.

Óskar skuldbindur sig í staðinn til að drífa og hvetja sölumenn áfram til að ná sem allra bestum árangri á árinu 2007 og stefnt er að ná 800 milljóna markinu. Stefnt er að meðalframlegð 35,5%.

Auglýsingakostnaður má ekki fara fram úr 15 milljónum + VSK og mun Óskar leitast við að keyra niður auglýsingakostnað þannig að bónus sem P&g mun fá hjá auglýsendum verði allsstaðar í hámarki.

Í liðum 1 til 5 verður að „klingja“ í sölutölunum þ.e. bónus fæst ekki fyrr en markmiðunum er náð.“

Samkvæmt kaupsamningi keypti ákærði ásamt konu sinni fasteign að Fléttuvöllum 11 í Hafnarfirði. Er íbúðin 233,4 fm og bílskúr 44,2 fm. Húsið var keypt í byggingu og afhent fullbúið að utan og tilbúið til innréttinga að innan, auk þess sem rafmagnsinntak og hitaveituheimæð var komin á kostnað seljanda. Var kaupverðið 45.000.000 króna og var afhending eignarinnar 11. júní 2007.

Í gögnum um söluupplýsingar má sjá að á árinu 2006 var heildarsala POG 490.380.351,07 krónur og framlegð 35,5%. Á árinu 2007 var heildarsala fyrirtækisins 792.537.912,86 krónur og framlegð 34%. Á árinu 2008 var heildarsala 368.124.158,42 krónur og framlegð 24,3%. eru sölutölur án virðisaukaskatts.

Skýrslur fyrir dómi.

Ákærði kvaðst hafa byrjað sem sölumaður hjá POG og síðan sem verslunarstjóri og síðan sölu- og markaðsstjóri. Kvað hann launasamninga hafa verið gerða fyrir hvert

ár í senn við hvern sölumann og tengst sölu fyrirtækisins. Nokkrir samningar hafi verið gerðir við ákærða. Hafi samningarnir verið um föst laun og síðan ákveðnar fjárhæðir, bæði í peningum og úttekt í vörum. Hann hafi til dæmis átt að fá greitt fyrir rafvirkjavinnu í húsinu sínu en ekki fengið og því tekið vörur út á það. Hann hafi fengið parket á húsið sitt, um rúmlega 100 fermetra af parketi, og gólfllisar að auki á tvö baðherbergi og á stóran bílskúr. Samtals hafi gólfefni verið um 160 fm. Parketið hafi verið askur, Hakwood-parket, ekki ódýrt efni. Þá hafi hann fengið beinagrind að eldhúsinnréttingu en hann hafi ekki fengið „fronta“ á innréttinguna þar sem POG hafi ekki staðið við samninga við það fyrirtæki sem seldi innréttingarnar. Ákærði hafi því þurft að borga persónulega fyrir það sem vantaði upp á innréttinguna. Ákærði hafi fengið efni í mjög stóran pall og hafi það verið samningur við POG vegna fæðingarorlofs sem ákærði ætlaði í. Það efni hafi ekki tengst launasamningi hans við POG. Pípulagningavinna hafi verið greidd af POG þar sem rafvirkjavinnan hafi ekki verið greidd. Þá gæti einhver önnur úttekt hafa verið en hann myndi það ekki. Hurðir í húsið hafi ákærði greitt sjálfur persónulega. Þá hafi hann fengið efni undir gólfefnin, lím, undirlag og hurðarhúna.

Aðspurður um þann samning sem liggur frammi í málinu kvaðst ákærði ekki kannast við hann. Hins vegar hafi hann undirritað samning með eigendum POG en sá samningur hafi orðið eftir í fyrirtækinu þegar hann hætti störfum. Sagði hann að í undirritaða samningnum hafi fermetratölur og einingaverð verið tiltekin sem væri ekki í framlögðum samningi. Aðspurður kvað hann söluveltu fyrirtækisins hafa verið um átta hundruð milljónir á árinu 2008. Minnti hann að sölutölur hafi verið hærri en komi fram í gögnum málsins. Aðspurður kvaðst ákærði hafa verið með lykla að versluninni í Ármúla en aldrei verið með lykla að lager fyrirtækisins.

Ákærði kvaðst hafa verið að selja vörur sem hann hafi tekið út vegna bónussamningsins. Einar Reynisson hafi verið pípari að húsinu og hann hafi greitt honum það sem POG átti að greiða rafvirkjanum. Hann hafi verið að bjarga því sem bjargað varð og viljað fá greitt upp í launin sín en hann hafi verið búinn að vinna baki brotnu þetta ár. Hann hafi fundið að róður fyrirtækisins var farinn að þyngjast og því hafi hann reynt að fá greitt út eins og samið hafi verið um. Sömu ástæður séu fyrir öllum viðskiptum hans sem ákært sé fyrir. Aðspurður um þá frásögn Trausta Jósefs Reynissonar um að Trausti hafi átt að segja í POG, til að losna undan spurningum fyrirtækisins, að hann væri búinn að skila parketinu, sagði ákærði að Trausta hafi fundist skrytið að greiða ákærða fyrir parketið í peningum en einnig viljað meiri afslátt. Hafi ákærði þá farið og rætt við eiganda POG, Þórð, og spurt hvort þeir ættu ekki bara að selja þetta „svart“. Ákærði kvaðst ekki muna samskipti sín og Trausta nákvæmlega en Þórður hafi samþykkt að þetta yrði greitt svart. Þórður hafi skuldað ákærða upp í bónussamninginn og hafi salan verið greiðsla til ákærða vegna þess. Taldi ákærði að Þórður hafi vitað af því en Trausti og Þórður hafi rætt saman sjálfir inni á skrifstofu um að parketið væri selt „svart“. Ákærði kvaðst ekki hafa verið sáttur við það hvernig Þórður rak fyrirtækið en það hafi farið í gjaldþrot fljótlega eftir að Þórður tók við fyrirtækinu.

Aðspurður nánar út í tölvupóstsamskipti ákærða við Bylgju, fjármálastjóra fyrirtækisins, frá 28. maí 2008, þar sem ákærði biður Bylgju um að opna reikning Trausta hjá POG og hún segi að reikningurinn sé kominn í Momentum, og þurfi ástæðu til að opna reikninginn. Ákærði hafi þá sagt henni að Trausti væri að borga og biður ákærði hana um að opna fyrir viðskipti Trausta. Þann 29. maí spyr Bylgja hvort hann hafi ekki ætlað að greiða og hafi ákærði þá svarað að hann myndi greiða

þegar Trausti fengi vöruna. Þann 9. júní segir Bylgja að hann hafi verið búinn að fá vöruna og spyr hvenær reikningurinn verði greiddur. Ákærði sagði niðurstöðuna í þessum samskiptum hafa verið þá að reikningurinn hafi verið gerður á POG. Ákærði svaraði aðspurður að hann hafi margoft vísað Bylgju á Þórð en minnti að Þórður hafi verið erlendis á þessum tíma. Kvað ákærði að Bylgju hafi ekki komið það neitt við hvernig þessi viðskipti væru afgreidd á milli Þórðar og ákærða. Ákærði vissi ekki hvernig Þórður hafi gengið frá þessum viðskiptum. Kvað ákærði launasamninga starfsmanna hafa verið trúnaðarmál og hann hafi virt það nema þegar hann hafi verið að þiggja peninga eins og einhver fáviti úti á götu, þá hafi hann útskýrt það þannig að það hafi verið upp í laun sem hann hafi átt inni.

Aðspurður um það hvort hann hafi beðið Einar Reynisson um að skrökva að POG kvaðst ákærði það gefa auga leið, hann minnti að Einar hafi annaðhvort verið að skila eða sækja efni og sagt honum að fara til POG. Ákærði kvaðst ekki geta svarað því hvers vegna Einar segði svo frá. Einar hafi verið pípulagningameistari að húsinu hans að Fléttuvöllum 11 í Hafnarfirði og hafi að hluta fengið greitt svart og að hluta til í efni. Hann hafi fengið veggjaefni og eitthvað af parketi upp í vinnu sína. Aðspurður um framburð Einars um að ákærði hafi búið til kreditnótu um skilað parket, kvaðst ákærði ekki geta svarað til um það en þarna hafi verið bakfært inn í kerfið og síðan skrifað út á þann hátt sem ákærði vissi ekkert um, en enginn skilaði hins vegar tæplega 200 fermetrum af parketi. Að öðru leyti kvaðst ákærði ekki geta skýrt þetta nema að þessi úttekt hafi verið greiðsla upp í bónussamning hans. Á þessum tíma hafi félagið verið að fara í gjaldþrot og hafi hann ekki verið ánægður með að búið væri að fara þannig með fyrirtækið og hann séð ákveðna hluti sem búið var að lofa en ekki hafi verið staðið við. Aðspurður hvort ákærði hafi með þessu móti verið að ná út því sem kom fram í bónussamningnum svaraði ákærði því að Þórði hafi átt að vera kunnugt um allt sem ákærði gerði hvað þetta varðaði. Þá hafi hann aldrei fengið pallaefni sem honum hafi verið lofað upp í feðraorlof. Aðspurður um tölvupóst milli Skafta Harðarsonar frá 30. ágúst 2008 og ákærða þar sem segir að magntaka þurfi allt efni sem ákærði hafi fengið frá POG, s.s. parket og flísar, og þar með talin öll fylgiefni, s.s. undirlag, lista o.fl. þá komi fram í tölvupóstinum: „Meðal þess sem þú munt hafa fengið afhent er; parket (og skv. samningi beri þér aðeins það parket sem þarf í lögn á þínu húsi, ekkert umfram það), flísar á eitt bað og anddyri (skilgreina skal flísar umfram það sem kunna að hafa farið á önnur svæði), pallaefni o.s.frv.“ Þá komi fram í tölvupóstinum að ákærði muni vera með húsgagn frá félaginu og þess óskað að því verði skilað strax og bifreið skuli skila strax. Ákærði hafi svarað tölvupóstinum 30. ágúst 2008 og kvaðst ganga í málið og senda þetta á sína menn og muni magntaka allt um helgina. Þá komi fram í svari ákærða að bifreið félagsins sé að Fléttuvöllum 11 í Hafnarfirði. Ákærði kvaðst ekki hafa mótmælt þessu samkvæmt ráðleggingum síns lögmanns en ákærði kvaðst ekki kannast við þetta netfang oskar.mar.alfredsson@gmail.com. Ákærði kvaðst rengja allt sem Skafti Harðarson segði. Ákærði kvaðst einu sinni hafa rætt við Skafta þegar hann skilaði lykli að fyrirtækinu. Ofangreind tölvusamskipti hafi ekki farið á milli þeirra tveggja. Ákærði neitaði því að hafa rætt við Skafta um bónussamning ákærða, enda hafi ákærði hætt störfum þegar Skafti kom til starfa. Aðspurður hversu mikið ákærði mátti taka út í vörum frá POG taldi ákærði að það hafi verið fyrir um sjö til átta milljónir. Hversu mikið hafi verið í peningum og hvað mikið í vörum gæti ákærði ekki sagt til um. Ákærði kvaðst hafa fengið parket, flísar og lím undir gólfefnin og grind í eldhúsinnréttunguna. Ákærði kvaðst þó ekki muna þetta vel en vörurnar hafi átt að vera á innkaupsverði sem hann tók út. Ákærði kvaðst ekki geta giskað á

verðmæti þess sem hann fékk út í efni, mörg ár séu síðan hann hafi unnið við þetta.

Aðspurður hvers vegna ákærði hafi selt vöruúttekt sína til þriðja aðila, kvað hann t.d. pípulagningamanninn hafa átt að fá greitt frá POG samkvæmt samningnum en ekki fengið. Ákærði hafi verið í skuld við hann og því tekið út vörur til að greiða honum með.

Trausti Jósef Reynisson kom fyrir dóminn og lýsti aðdragandanum að því að hann keypti parket af ákærða þannig að hann hafi farið inn í POG í þeim tilgangi að skoða parket. Hann hafi hitt ákærða og sagst vera að leita að parketi í hús sitt. Ákærði hafi gefið honum upp ákveðið verð. Trausti hafi síðan skoðað á nokkrum öðrum stöðum en síðan ákveðið að skipta við POG. Hann hafi því farið aftur í POG og hitt ákærða og sagst ætla að versla við fyrirtækið. Hann hafi séð Þórð í versluninni og heilsað honum en Þórður hafi ekki komið nálægt þessum viðskiptum. Borin var undir Trausta frásögn ákærða um að Trausta hafi þótt verði hátt og viljað kaupa parketið „svart“ og samið um það við Þórð. Trausti neitaði því alfarið og hafi hann ekki farið á fund með Þórði, hann hafi einungis hitt hann inni í versluninni og spjallað við hann þar. Ákærði hafi gefið honum upp verð sem var 805.000 krónur. Trausti kvaðst hafa hringt í ákærða þegar hann ætlaði að greiða fyrir parketið. Ákærði hafi spurt ákærða þá hvar hann væri staddur og sagði Trausti honum að hann væri á leið í SPRON í Mjóddinni til að taka út pening fyrir kaupverðinu og koma svo til að greiða fyrir parketið. Trausti hafi farið í bankann en þegar hann sneri sér við frá gjaldkerastúkunni hafi ákærði verið fyrir aftan sig. Trausti hafi þá afhent honum greiðsluna. Trausti kvaðst ekki hafa fengið kvittun fyrir parketinu en hann hafi ekki gert neina rellu út af því þar sem hann hafði fengið parketið afhent á réttum tíma. Trausti kvaðst hafa fengið tölvupóst löngu seinna frá Skafta Harðarsyni um að það væri útistandandi á hann krafa hjá POG og hafi Trausti sagt Skafta að hann væri löngu búinn að gera skuld sína upp. Hann hafi aftur fengið bréf frá fyrirtækinu og hafi hann þá hringt til ákærða. Ákærði hafi gefið sér þá skýringu að hann væri að hætta og fyrirtækið væri að fara á hliðina og ákærði sagst Trausta að segja að hann hafi verið búinn að skila parketinu því það hafi allt verið undið, og Trausti hafi gert það. Trausti hafi síðan áttað sig á því að eitthvað gruggugt hafi verið við þessi viðskipti. Skafti hafi þá sagt sér að til stæði að kæra ákærða. Aðspurður um samskipti sín og Þórðar kvaðst Trausti ekki muna nákvæmlega í hvaða skipti hann hafi rætt við Þórð inni í búðinni en hann hafi ekki rætt viðskiptin við hann.

Hrafn Konráðsson kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið að leita sér að parketi og ákærði hafi viljað að hann verslaði hjá sér. Ákærði hafi boðið honum mjög gott verð sem Hrafn hafi ákveðið að taka. Ákærði hafi sagt sér að ákærði ætti inni eina sölu í bónus eða eitthvað álíka hjá fyrirtækinu sem skýringu á þessu hagstæða verði. Hrafn kvaðst þekkja ákærða í gegnum konu sína en þeir hittist ekki sérstaklega. Hrafn kvaðst ekki muna hversu mikið parket hann hafi fengið en það gæti hafa verið um 200 fermetrar. Hann hafi síðan farið í POG til að kaupa lakk á parketið og þá hafi POG áttað sig á viðskiptum Hrafns og ákærða. Hrafn kvaðst hafa verið grunlaus um aðkomu ákærða að málinu. Hrafn kvaðst ekki muna vel hvernig hann greiddi fyrir parketið en það hafi örugglega verið með peningum því hann og fyrrverandi kona hans hafi tekið lán hjá ættingjum og vinum á þessum tíma á meðan þau voru að bíða eftir lánafyrirgreiðslu banka.

Guðlaugur Ómar Friðþjófsson kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið eigandi að POG á árinu 2007 og fyrir þann tíma en hann hafi selt fyrirtækið á miðju ári 2007. Kvað hann ákærða hafa unnið hjá sér í langan tíma og verið á samningi sem byggðist á föstum launum auk bónusa sem miðuðust við selt magn og ákveðna framlegð. Um áramótin 2006/2007 hafi ákærði sagt sér að hann væri að fara að byggja sér hús og þyrfti þar af leiðandi jafnari tekjur. Hafi ákærði óskað eftir hærri föstum launum árið 2007 og hafi Guðlaugur orðið við því. Ákærði hafi verið duglegur sölumaður og stóð undir auknum launum. Ákærði hafi viljað fá einhvern bónus sem Guðlaugur hafi samþykkt. Samningurinn hafi gengið út á ákveðna sölu og framlegð út árið. Í samningnum hafi verið tekið fram að ef þetta eða hitt markmiðið næðist þá fengi hann ígildi einhverra fjármuna. Samningurinn hafi fjallað um gólfefni, hurðir og eldhúsinnréttingar m.a. og snúist um húsbyggingu ákærða. Guðlaugur kvaðst hafa selt fyrirtækið á árinu 2007 og því hafi aldrei reynt á þennan þátt samningsins. Hann hafi kynnt nýjum eiganda samninginn og síðan viti hann ekkert um málið. Guðlaugi var sýnt afrit samnings sem liggur fyrir í málinu og kvað hann það eintak vera efnislega í samræmi við þann samning sem hann gerði við ákærða en hann myndi ekki hvort þetta eintak hafi verið vélritað í hans tíð. Aðspurður hvort ákærði hafi mátt selja úttektir sínar þriðja aðila kvað Guðlaugur samninginn hafa snúist um byggingu ákærða en hafi hann viljað nota úttektirnar til að greiða fyrir eitthvað annað hafi hann eflaust getað það. Aðspurður hvort ekki hafi annar samningur verið undirritaður og þá samningur þar sem magntölur hafi verið tilgreindar, kvað Guðlaugur það vel geta verið en þeirra samningur hafi verið efnislega sá sami. Þá kvað Guðlaugur að ef ákærði hafi viljað selja til þriðja aðila það sem hann mátti taka út úr fyrirtækinu, þá hafi fyrirtækið ekkert getað gert við því né haft neitt við það að athuga. Úttektir hafi þrátt fyrir það alltaf átt að vera bókfærðar hjá fyrirtækinu. Guðlaugur kvað nýjan eiganda, Þórð, hafa vitað um samninginn enda hafi Guðlaugur farið sérstaklega yfir samning ákærða við fyrirtækið með Þórði. Guðlaugur kvað ákærða hafa staðið sig mjög vel sem sölumann og hafa verið tvöfaldur á við aðra sölumenn. Aðspurður kvað hann trúnað hafa verið um samning ákærða en gjaldkeri fyrirtækisins hafi haft vitneskju um launagreiðslur en ekki um bónussamninginn sjálfan. Aðspurður kvað Guðlaugur tilgang samningsins hafa verið þann að létta undir með góðum starfsmanni og aðstoða við húsbyggingu hans. Aðspurður giskaði Guðlaugur á að verðmæti samningsins, ef hann hefði verið efndur að fullu, gæti verið um fimm til sex milljónir.

Þórður Birgir Bogason kom fyrir dóminn en hann kvaðst hafa keypt POG í félagi við annan í júlí 2007 en þeir hafi selt félagið til Glitnis banka hf. ári síðar. Starfssamningur hafi verið á milli félagsins og ákærða en djúpt hafi verið á þeim samningi við kaupin en fyrri eigandi, Guðlaugur, hafi upplýst sig um samninginn. Minnti hann að samningurinn hafi komið fram í árslok 2007. Minnti Þórð að samningurinn hafi verið óundirritaður en Guðlaugur hafi staðfest við sig allt sem kom fram í samningnum. Öðruvísi hefði hann aldrei staðið við samninginn. Bónusgreiðslur ákærða hafi miðast við heildarsölu fyrirtækisins en bónusgreiðslur annarra sölumanna hafi miðast við þeirra eigin sölu. Þá hafi bónusgreiðslurnar verið bundnar við húsbyggingu ákærða. Mundi Þórður að sala ársins 2007 hafi verið í kringum átta hundruð milljónir en ákærði hafi átt að fá eitthvað aukalega við það markmið. Minnti hann að ákærði hafi tekið út eldhúsinnréttingu við það markmið en Þórður hafi mótmælt þeirri úttekt þar sem því markmiði hafi ekki verið náð í árslok. Sölumenn hafi hins vegar skrifað út reikninga vegna tilboða sem voru

í gangi en hefðu ekki verið raunveruleg sala. Þannig hafi sölumenn náð sölu upp í þessa sölutölu, eða áttahundruð milljónir, en Þórður hafi gert athugasemdir við þá aðferð. Þá taldi Þórður að í raun hafi skilyrði samningsins aldrei verið fullnægt þar sem greiðsluferfiðleikar hafi verið farnir að bæra á sér, auk þess sem verktakar hafi verið að draga til baka tilboð. Hafi Þórður ekki samþykkt þessa aðferð en venjan væri að skrifa út reikninga þegar eiginleg sala hefði farið fram. Kvað Þórður innkaupsverð ásamt tollum hafa verið viðmið úttektarheimilda starfsmanna. Virðisaukaskattur hafi ekki verið inni í þessum fjárhæðum. Þórður kvað samninginn sem liggur fyrir í málinu vera nákvæmlega þann samning sem Guðlaugur hafi kynnt fyrir honum en hann minnti að ákærði hafi fyrst látið sig hafa samninginn. Þórður kvaðst hafa mótmælt framlegðarmarkinu sem kemur fram í samningnum. Hann hafi einnig mótmælt vinnu rafvirkja í samningnum þar sem það ákvæði hafi verið ansi opið. Aðspurður um það hvort ákærði hafi mátt selja vörurnar sem hann mátti taka út, kvað Þórður tilganginn með samningnum hafa verið þann að ákærði fengi vörur í húsbýggingu sína. Taldi hann að búið hafi verið að efna lið eitt og tvö í samningnum en liðir þrjú og fjögur hafi allavega verið óuppgerðir við ákærða. Aðspurður um virði þeirra hluta sem ákærði hefði fengið við efnir samningsins kvað hann alla hluti í lið eitt í samningnum hafa átt að vera á kostnað framleiðanda parketsins og hurðanna en ekki POG sem hafi ekki átt að bera neinn kostnað af þeim lið. Það hafi ákærði verið upplýstur um enda komi það fram í samningnum. Þá kvað hann heildarvirði þess sem ákærði mátti taka út hafa verið rúmlega þrjár milljónir auk vinnu rafvirkja. Taldi Þórður að úttektir sem ákært sé fyrir vera nokkuð hærri fjárhæðir en ákærði hefði átt að fá í bónusgreiðslur. Þá taldi hann vinnu rafvirkja í húsi ákærða geta verið að andvirði á bilinu fimm hundruð þúsund til ein milljón.

Aðspurður um samskipti sín og Trausta Jósefs Reynissonar, kvaðst Þórður hafa fengið fregnir af því að Trausti hafi keypt parket fyrir um sjö til átta hundruð þúsund krónur og greitt til ákærða en sú greiðsla hafi aldrei skilað sér til fyrirtækisins. Þetta hafi verið um svipað leyti og Glitnir banki hafi verið að yfirtaka félagið. Þá kvaðst Þórður hafa hitt Trausta í versluninni en neitaði því alfarið að hafa átt fund með Trausta þar sem rætt hafi verið um sölu undir borðið og að ákærði hafi átt að fá þá greiðslu í sinn vasa.

Þórður kvað að ef ákærði hefði hætt við að byggja, hefði þrátt fyrir það þurft að efna samninginn við hann og þá hefði ákærði vel getað selt það efni sem hann fengi til þriðja aðila. Aðspurður um það hvort ákærði hafi undirritað samninginn kvað Þórður það vel geta verið en ákærði hefði staðfest efni samningsins við sig þegar hann tók við fyrirtækinu. Taldi Þórður það vel geta verið að ítarlegri samningur hafi verið undirritaður, hann kvaðst ekki geta útilokað það.

Aðspurður hvort öllum skilyrðum samningsins hafi verið náð, kvað Þórður 5. lið samningsins ekki hafa verið uppfylltan en staðið hafi til að menn settust niður og færu yfir það sérstaklega. Kvað hann það orðalag að „klingja“ í sölutölum hafa þýtt að sala hafi farið fram. Svo hafi ekki verið.

Aðspurður um efni í sólpall og að það hafi átt að vera í staðinn fyrir fæðingarorlof, kvað Þórður það geta verið. Þeir hafi verið í vandræðum með mjög dýrt pallaefni sem fyrirtækið sat uppi með og geti verið að ákærði hafi fengið eitthvað af efninu í pallinn gegn fæðingarorlofi. Fjármálastjórninn ætti að vita það en Þórður kvað ekki útilokað að ákærði hafi komið með slíka tillögu og að Þórður hafi

ekki tekið illa í það. Þórður hafi vissulega frekar viljað hafa ákærða í vinnunni en í fæðingarorlofi þar sem hann hafi verið duglegur sölumaður.

Aðspurður hvort Þórður hafi haft vitneskju um sölu til þeirra aðila sem taldir séu upp í ákæruliðum, og að ákærði fengi söluandvirðið í eigin vasa, kvaðst Þórður aldrei myndu hafa gert slíkan samning. Allar úttektir starfsmanna hafi átt að vera með vitneskju fyrirtækisins. Starfsmanni hafi ekki verið heimilt að efna bónussamninga á eigin spýtur, það hafi alltaf þurft að fara í gegnum annan sölumann fyrirtækisins eða í gegnum fjármálastjóra.

Þórður kvað fjórum fyrstu töluliðum samningsins klárlega hafa verið náð en Þórður kvaðst ekki hafa náð persónulega að gera upp við ákærða þar sem hann hafi ekki verið samþykktur óljósu orðalagi og mikilli framlegð í samningnum. Þórður kvaðst ekki muna til þess að farið hafi verið sérstaklega yfir efndir samningsins við ákærða en það hafi verið ætlunin. Það hafi staðið upp á fyrirtækið að efna samninginn. Fundir um sölutölur hafi verið mánaðarlega við sölumenn og þeir fengið greitt samkvæmt þeim. Samningur ákærða hafi verið af allt öðrum toga, hann hafi verið með föst laun en bónusauka hafi hann átt að fá á árinu 2008 þegar endanlegar sölutölur lægju fyrir. Ákærði hafi verið með hús sitt á einhverju byggingarstigi á árinu 2007 en ákærði hefði átt að fá heimildir til úttekta á þeim tíma sem ákærða vantaði viðkomandi efni, þó svo að árssalan hafi ekki legið fyrir. Aðspurður hvernig farið hafi verið með úttektir starfsmanna í bókhaldi fyrirtækisins, kvað Þórður það hafa verið fært sem laun, en hann myndi ekki eftir neinu uppgjöri við ákærða. Hafi sölumenn fengið úttektir þá hafi þeir fengið að greiða fyrir vöruna á nokkrum mánuðum og þá verið dregið af launum þeirra.

Arnar Freyr Ólafsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri POG, kom fyrir dóminn og kvaðst hafa séð um endurskipulagningu félagsins og einnig setið í stjórn félagsins frá árinu 2004 til ársins 2007. Kvaðst hann hafa séð samninginn milli ákærða og félagsins í möppu hjá félaginu, eftir að mál ákærða var kært til lögreglu, og hafi hann verið óundirritaður.

Skafti Harðarson gaf símaskýrslu fyrir dómi og sagði að um mitt árið 2008 hafi hann verið beðinn um að taka við rekstri félagsins sem hann gerði. Hafi hann þurft að semja við birgja og gert vörutalningu. Við vörutalninguna hafi komið í ljós að nokkuð vantaði upp á birgðir félagsins. Hann hafi þá farið að leita skýringa á þeirri rýrnun og í framhaldi af því hafi hann kært háttsemi ákærða til lögreglu. Ákærði hafi verið í sumarfrí þegar Skafti tók við rekstri félagsins og ekki mætt í vinnu eftir fríið og hafi ákærða þá verið sagt upp störfum í framhaldi. Ákærði hafi því ekki unnið hjá félaginu eftir að Skafti tók við rekstrinum. Aðspurður um tölvupóstsamskipti sín við ákærða, kvaðst Skafti ekki muna eftir þeim sérstaklega en við upprifjun kvað hann að ákærði hafi fengið greiddan rafvirkjareikning að fjárhæð 1,8 milljónir króna, eldhúsinnréttingu og hurðir frá Trésmiðju Þráins á Akranesi, parket á 150 fm og flísar og ákærði hefði tekið út efni í pall hjá Agli Árnasyni fyrir á aðra milljón króna sem Skafti hafi neitað greiðslu á auk þess að orlofsmál ákærða hafi líka verið til úrlausnar. Aðspurður um það að ákærði neiti að eiga netfangið sem hann sendi tölvupóstinn á, kvaðst Skafti ekki geta fullyrt hver svari honum á hinum endanum en í póstinum hafi einnig komið fram hjá ákærða að bifreið félagsins væri heima hjá ákærða, sem hafi verið rétt, en bifreiðin hafi verið sótt þangað að ábendingu ákærða í sama tölvupósti. Skafti kvaðst hafa séð eintak af samningi milli ákærða og félagsins en hann hafi ljósritað eintak sem ákærði sjálfur

hafi afhent honum. Sá samningur hafi verið undirritaður af ákærða og fyrri eiganda félagsins. Kvað Skafti ekkert lokauppgjör hafa farið fram samkvæmt samningnum þar sem ekki var ljóst hvað átti eftir að gera upp við ákærða en óljóst hafi verið hvað ákærði hafði þegar fengið greitt. Ákærði hafi til dæmis fengið 250 fm af parketi samkvæmt samningnum.

Elías Halldór Melsted kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið verslunarstjóri POG árið 2007 en árin þar á undan hafi Elías unnið á lagernum. Kvað hann alla starfsmenn hafa verið með lykla að lagernum, sem hafi verið sjálfsagður hlutur. Kvað hann Glitni banka hf. hafa ráðið Skafta Harðarson til að reka fyrirtækið um mitt ár 2008 og hafi ákærði verið mjög ósáttur við aðkomu Skafta að félaginu. Ákærði hafi ekki mætt í vinnu í lok sumarfrís og farið utan og hafi ákærða þá verið sagt upp störfum í framhaldi. Aðspurður um það hvort tíðkað hafi verið í fyrirtækinu að selja vörur „svart“ neitaði Elías því. Elías kvaðst vita að ákærði hafi fengið parket á gólfm í húsið sitt, gólfllísar, klæðningarefni, pallaefni og innréttingar frá Trésmiðju Þráins. Elías kvaðst hafa komið heim til ákærða og séð þetta efni hjá honum en gólfefni hafi verið á öllu húsinu og bílskúrnum líka. Elías minnti að hurðir í húsinu hafi verið sérstaklega háar og því gætu hurðirnar verið frá Trésmiðju Þráins á Akranesi. Þá kvaðst hann vita að ákærði hafi greitt einhverjum iðnaðarmönnum með efni frá POG. Elías sagði sama lykil hafa gengið að lager fyrirtækisins og fyrirtækinu sjálfu og allir hafi verið með lykla að fyrirtækinu. Elías kvaðst hafa verið með bónussamning hjá fyrirtækinu og það hafi alltaf verið gert upp við hann mánaðarlega.

Einar Örn Reynisson kom fyrir dóminn og kvaðst hafa keypt parket af ákærða. Einar kvaðst hafa verið að vinna í húsi ákærða við pípulögn og fleira. Ákærði hafi sagt honum að hann væri sölustjóri hjá POG ehf. og ætti inni bónusa hjá fyrirtækinu sem hann gæti fengið á góðu verði. Ákærði hafi sett upp á blað fyrir hann hvaða efni hann gæti fengið og á hvaða verði. Einar hafi því fengið greitt upp í vinnu sína með efni að hluta en þegar dróst að ákærði gerði upp við hann, hafi hann ýtt á ákærða til fá þau efni sem á vantaði. Á einhverjum tímapunkti hafi Einar áttað sig á því að efnið sem hann fékk hjá ákærða hafi ekki verið fengið á heiðarlegan hátt svo hann hafi hætt að fá efni hjá ákærða og ákærði skuldaði honum enn fyrir hluta af vinnu sinni.

Bylgja Björk Guðjónsdóttir gaf símaskýrslu fyrir dóminn og kvaðst hafa séð um launagreiðslur hjá POG. Aðspurð um tölvupóst milli hennar og ákærða vegna reiknings sem var sendur til innheimtu kvaðst hún muna eftir þessum samskiptum. Kvað hún fyrirkomulagið hafa verið þannig að ef starfsmenn keyptu vörur hjá fyrirtækinu var reikningur skrifaður á viðkomandi starfsmann og hafi hann síðan fengið að greiða skuldina með nokkrum greiðslum.

Ketill Sigurður Jóelsson gaf símaskýrslu fyrir dómnum. Starfaði hann á lager fyrirtækisins. Kvaðst hann ekki muna sérstaklega eftir vörum sem var skilað til POG. Útbúinn hafi verið seðill frá lager þegar efni var sótt eða efni skilað og sá seðill síðan farið til skrifstofunnar sem bókfærði viðskiptin.

Kristinn Jón Gíslason gaf ekki skýrslu fyrir dómnum en fram kemur í lögregluskýrslu að hann muni ekki eftir einstökum vöruúttektum þar sem hann hafi byggt fjölda húsa.

Forsendur og niðurstöður.

Ágreiningslaust er að á milli ákærða og POG var sérsniðinn launasamningur sem sneri að föstum launum og sölutengdum viðbótargreiðslum til ákærða. Í málinu liggur fyrir óundirritaður samningur sem eigandi POG, Guðlaugur Ómar Friðþjófsson, kannaðist við og sagði samrýmast þeim samningi sem hann hafi gert við ákærða. Þórður Birgir Bogason, sem keypti POG um mitt ár 2007, kvaðst kannast við þann sama samning en sagðist hafa sett út á hann efnislega við ákærða þar sem honum hafi fundist arðsemisviðmið í samningnum vera of hátt eða 35,5%. Ákærði sagði fyrir dóminum að ítarlegri samningur hafi verið undirritaður á milli aðila en hann hefði sjálfur ekki eintak af honum. Eigendur POG kváðust ekki kannast við að til væri undirritað eintak en Guðlaugur Ómar taldi að hann hefði undirritað sambærilegt eintak og liggur fyrir í málinu. Ákærði mótmælti því hins vegar ekki að samningur aðila á árinu 2007 hafi verið efnislega sá sami og kemur fram í því eintaki sem liggur fyrir í málinu. Þá er ágreiningslaust að ákærði hafi fengið gólfefni, parket og flísar ásamt lími undir það, í hús sitt að Fléttuvöllum 11, Hafnarfirði, en samkvæmt samningnum átti hann að fá það efni þegar ákveðnum sölutölum væri náð. Er ekki ákært fyrir þær úttektir og virðist sem ákærði hafi fengið efni í hús sitt samkvæmt bónussamningnum.

Ákæruliður I.

Í ákæruliði I er ákærði sakaður um að hafa í maí 2008 dregið sér andvirði gólfefna í eigu POG að verðmæti 1.028.085 krónur, sem ákærði lét afhenda Trausta Jósef Reynissyni án heimildar gegn greiðslu að fjárhæð kr. 800.000 sem ákærði tók við og tileinkaði sér.

Í gögnum málsins er afrit af úttekt hjá POG þann 19. apríl 2008 að fjárhæð 1.028.085 krónur. Er tekið fram að það séu Hakeik 100 fm., eikarplankar rustik, lím, gúmmikorkur 100 fm, og fleira efni. Er sölumaður skráður ákærði. Þann 27. maí 2008 er gerð kreditnóta á Trausta Reynisson fyrir sömu fjárhæð. Þá liggur fyrir tölvupóstur frá 26. maí til 9. júní 2008, á milli ákærða og Bylgju Guðjónsdóttur, þar sem ákærði biður hana að opna fyrir reikningsviðskipti Trausta og segir jafnframt að Trausti sé að greiða. Trausti Reynisson segist í tölvupósti til Skafta Harðarsonar 21. júlí 2008 ekki skulda POG neitt og vera búinn að gera upp við þá og hafa gert það áður en hann fékk vöruna afgreidda. Staðfest er að Trausti tók út 800.000 krónur hjá BYR 5. mars 2008 og samrýmist það framburði hans fyrir dóminum að hann hafi greitt ákærða þá fjárhæð í bankanum sjálfum. Síðar í tölvupóstinum kveðst Trausti hafa gert upp við ákærða. Þar sem engin gögn fundust um þessi viðskipti hjá versluninni ítrekaði Skafti fyrirspurn sína 27. ágúst 2008 í tölvupósti og svaraði Trausti því þá til að hann hafi fengið parketið sent, það hafi verið meira og minna ónýtt og það verið sent til baka. Hann hafi síðan fengið parket frá Litháen. Kvað Trausti, fyrir dóminum, ákærða hafa beðið sig um að gefa þessar skýringar hjá POG. Sannanlega fer ákærði með rangt mál, þegar hann segir bókhaldara fyrirtækisins í lok maí 2008 að Trausti sé að greiða fyrir vöruna og því eigi að opna reikning hans hjá fyrirtækinu. Ákærði hafði þá þegar nokkrum mánuðum áður tekið við greiðslu frá Trausta fyrir parketið en það fé hafði ekki skilað sér til fyrirtækisins.

Telur dómurinn að full sönnun hafi verið færð fyrir því að ákærði hafi tekið parket út úr fyrirtækinu og selt það Trausta Reynissyni án þess að gera skil á söluandvirðinu til fyrirtækisins. Breytir engu í því sambandi að ákærði hafi talið sig eiga inni úttektir samkvæmt bónussamningnum. Hefur ákærði með þeirri háttsemi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið I og verður hann sakfelldur fyrir hana.

Ákæruliður II.

Í ákæruliðnum er ákærði sakaður um að hafa í júlí 2008 dregið sér andvirði veggjaefnis og líms í eigu POG, samtals að verðmæti kr. 431.158.000, sem ákærði lét án heimildar afhenda Einari Erni Reynissyni sem endurgjald fyrir vinnuframlag hans við húsnæði ákærða án þess að endurgjald kæmi til fyrirtækisins.

Samkvæmt gögnum málsins fékk Einar Örn Reynisson þann 26. ágúst 2008 198,12 fermetra af veggjaefni að verðmæti 620.511,84 krónur og tvo kassa af lími að verðmæti 39.740 krónur eða samtals 660.262,09 krónur. Afsláttur er alls 184.019,39 krónur en með virðisaukaskatti er upphæð reikningsins 431.158 krónur. Sölumaður er sagður ákærði. Þann 4. september 2008 er kreditnóta gerð á Einar þar sem tekið er fram að 198,12 fermetrum af sama efni var skilað að verðmæti 620.511,84 krónur. Með afslætti og virðisaukaskatti er heildarverð vörunnar 403.333 krónur. Engin frekari gögn eru í málinu vegna þessarar úttektar en Einar Örn Reynisson staðfesti fyrir dóminum að hafa fengið efni hjá ákærða sem greiðslu upp í pípulagningarvinnu hans í húsi ákærða. Ákærði kvaðst fyrir dóminum hafa greitt Einari samkvæmt bónussamningnum þar sem fyrirtækið hafi ekki greitt upp í rafvirkjavinnuna eins og samningurinn kvað á um. Þóður, eigandi POG á þessum tíma, mótmælti því að hafa nokkuð vitað um þessi viðskipti ákærða né úttektir hans. Þrátt fyrir að ákærða hafi fundist hann svikinn af félaginu, hafði hann ekki heimild til að taka efni út í fyrirtækinu og afhenda öðrum það og efna þannig bónussamninginn upp á sitt eindæmi.

Telur dómurinn sannað að með þessari háttsemi hafi ákærði farið út fyrir heimildir sínar og tekið efni til að nota í viðskiptum sínum við Einar Örn Reynisson án þess að gera grein fyrir vöruúttektinni hjá POG. Þrátt fyrir að ákærði hafi talið að hann væri að fá umrædda vöruúttekt sem bónusgreiðslur, verður að telja að honum hafi verið fullljóst að engin heimild var fyrir úttektinni. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þennan ákærulið.

Ákæruliður III.

Í þessum ákærulið er ákærði sakaður um að hafa seinni hluta ársins 2008 dregið sér andvirði gólfefna í eigu POG að áætluðu verðmæti 1.867.500 krónur, sem ákærði lét afhenda Hrafni Konráðssyni án heimildar gegn greiðslu að fjárhæð 1.000.000 króna, sem ákærði tók við og tileinkaði sér. Engin gögn eru í málinu þessu til stuðnings en ákærði kvað þessa úttekt sem og allar aðrar sem ákært er fyrir, hafa verið bónusgreiðslur til hans samkvæmt bónussamningnum.

Ákærði kvað fyrir dóminum að með þessum viðskiptum hafi hann verið að efna bónussamninginn. Þá staðfesti ákærði fyrir lögreglu að hafa selt Hrafni umrætt gólfefni en taldi að það hefði verið um 160 fermetrar. Engin gögn liggja fyrir í

málinu um þessar vöruúttektir en fyrir lögreglu kvað ákærði afgreiðsluseðil hafa verið til hjá fyrirtækinu vegna afgreiðslunnar.

Hrafn Konráðsson kom fyrir dóminn og staðfesti að hann hafi fengið um 200 fermetra af parketi hjá ákærða og ákærði gefið honum þá skýringu að hann ætti inni eina sölu í bónus hjá fyrirtækinu, sem skýringu á því verði sem ákærði bauð honum. Hrafn taldi að hann hefði greitt fyrir parketið með reiðufé.

Ákærði hefur ekki haldið því fram að hann hafi skilað greiðslunni til fyrirtækisins heldur að hann hafi verið að efna bónussamninginn.

Þó svo að ákærði hafi talið að hann ætti inni greiðslur hjá POG vegna samningsins, telur dómurinn fram komna lögfulla sönnun þess að ákærði hafi tekið söluandvirðið í eigin þágu. Ekki er að finna neina heimild í gögnum málsins um að ákærði hafi mátt taka til sín vöru án þess að gera grein fyrir því og gegn neitun eigenda fyrirtækisins telur dómurinn ákærða sekan um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og verður hann sakfelldur fyrir.

Ákæruliður IV.

Í þessum ákærulið er ákærði sakaður um að hafa í mars 2008 dregið sér andvirði gólfefna í eigu POG að áætluðu verðmæti 3.000.000 króna sem ákærði lét afhenda Kristni Jóni Gíslasyni án heimildar gegn greiðslu að fjárhæð um 1.000.000 króna sem ákærði tók við og tileinkaði sér.

Ákærði kvað um þennan ákærulið það sama og fyrri ákæruliði, þessi úttekt hafi verið greiðsla samkvæmt bónussamningnum. Fyrir lögreglu lýsti ákærði þessu á sama veg en sagði það hafa verið gert í samráði við Guðlaug Ómar og að Þórður Birgir hafi vitað af þessu. Ákærði hafi hins vegar ekki skýringar á því hvers vegna Þórður hafi ekki útbúið reikning vegna úttektarinnar. Þórður neitaði því fyrir dómnum að hafa heimilað ákærða að selja vörur eins og ákært er fyrir og kvaðst aldrei myndu gera slíkan samning. Þá kvaðst Þórður ekki hafa vitað um þessar sölur. Starfsmanni hafi ekki verið heimilt að efna bónussamninga upp á eigin spýtur, það hafi alltaf þurft að fara í gegnum annan sölumann fyrirtækisins eða í gegnum fjármálastjóra.

Gegn mótmælum Þórðar telur dómurinn skýringu ákærða á þessum viðskiptum ótrúverðuga en ákærði hefur játað að hafa selt Kristni Jóni Gíslasyni gólfefni.

Telur dómurinn fram komna lögfulla sönnun um að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í þessum ákærulið og verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi.

Ákærði byggir kröfu sína um sýknu á því að hann hafi verið að taka út laun í samræmi við bónussamning sinn við POG. Eins og að ofan hefur verið rakið, framkvæmdi ákærði brot sín með leynd og reyndi að fá aðra til að skrökva til um úttektirnar. Er þessi málsástæðu ákærða að engu hafandi. Þrátt fyrir að ákærði hafi talið sig eiga inni laun hjá POG þá virðist stór hluti bónussamningsins hafa þegar verið uppfylltur en þó svo að það hafi ekki verið þá bar ákærða að leita annarra leiða til að fá samninginn efndan. Er háttsemi ákærða refsiverð og réttilega

heimfærð undir 247. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur honum nokkrum sinnum verið gerð refsing áður. Þau brot sem skipta máli við ákvörðun refsingar er dómur frá 9. ágúst 2006 en þá var ákærði dæmdur í þrjátíu daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga. Dómur frá 21. september 2006 en þá var ákærði dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, fyrir eignaspjöll. Dómur frá 10. desember 2010 en þá var ákærði dæmdur í þrjátíu daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir ölvunarakstur og valdstjórnarbrott. Þá gekkst ákærði undir sátt þann 24. október 2011 fyrir umferðarlagabrot og aftur þann 30. janúar 2012.

Brot þau sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir nú framdi hann í mars, maí, júlí og seinni hluta árs 2008. Með þeim brotum rauf ákærði skilorð dómsins frá 9. ágúst 2006 og 21. ágúst 2006. Ber því nú að taka skilorðsdómanna upp og dæma í málinu samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga. Þá eru brot ákærða framin áður en dómur gekk þann 10. desember 2010 og sáttir gerðar eftir þann tíma. Ber því að gera honum hegningarauka við þær refsingar samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga. Verður við ákvörðun refsingar litið til þess að ákærði rauf tvo skilorðsbundna dóma með brotum sínum.

Hluti af brotum ákærða er framkvæmd þannig að engin gögn finnast um þau í bókhaldi fyrirtækisins. Verður ekki annað ráðið en að ásetningur ákærða hafi staðið til að fela slóð sína. Vegna þessa dróst hjá fyrirtækinu að komast að því sanna í málinu, eins og rekja má til framburðar vitna, en aðild þeirra varð fyrst ljós er þau áttu í frekari viðskiptum við POG en eitt brotið er framið seinni hluta árs 2008. Þann 5. janúar 2009 var brotið kært til ríkislögreglustjóra. Í byrjun febrúar 2010 var lögregluskýrsla tekin af vitni. Þann 16. júní 2010 var lögregluskýrsla tekin af vitni. Þann 7. maí 2012 og aftur 8. og 9. maí 2012 voru lögregluskýrslur teknar af vitnum og í júlí 2012. Þann 29. maí 2012 er fyrst tekin lögregluskýrsla af ákærða. Ákæra var síðan gefin út 26. febrúar 2013. Ekki hefur verið gefin viðhlítandi skýring á þessum drætti á rannsókn málsins.

Er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í ellefu mánuði. Með vísan til þess hversu mikill dráttur varð á rannsókn málsins, sem ekki hefur verið skýrður með viðhlítandi hætti, þykir rétt að skilorðsbinda átta mánuði refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Reynis Loga Ólafssonar hdl., sem eru hæfilega ákveðin 376.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Óskar Már Alfreðsson, kt. 000000-0000, skal sæta fangelsi í ellefu mánuði en fresta skal fullnustu átta mánaða refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði sakarkostnað, sem eru málsvarnarlaun verjanda hans, Reynis Loga Ólafssonar hdl., 376.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ástríður Grímsdóttir.